

# Skýrsla stjórnar



**2025-2026**

Á aðalfundi Skíðafélags Ólafsfjarðar 11.maí 2025 varð sú breyting á stjórn félagsins að Björk Óladóttir og Ágúst Örn Jónsson komu inn í stjórn en Birna Björnsdóttir og Hólmar Hákon Óðinsson létu af störfum.

Á aðalfundinum var Kristján Hauksson endurkjörinn formaður og stjórn skipti með sér verkum svohljóðandi:

Varaformaður: Gunnlaugur Ingi Haraldsson

Gjaldkeri: Elsa Guðrún Jónsdóttir

Ritari: Heimir Sverrisson

Meðstjórnendur: Ágúst Örn Jónsson, Björk Óladóttir og Sunna Eir Haraldsdóttir

Stjórn félagsins hittist og fundaði heldur óreglulega yfir starfsárið en einnig fór stór hluti umræðu og ákvarðana fram á facebook síðu stjórnar.

Þjálfarar félagsins voru Jónína Kristjánsdóttir, Tinna Kristjánsdóttir og Kristján Hauksson í skíðagöngu. Bríet Brá Gunnlaugsdóttir og Hanna Valdís Hólmarsdóttir sáu um alpagreinar með stuðning frá Sunnu Eir Haraldsdóttur. Lyftuvörður var Björn Ægir Auðunsson, starfsmaður í skála var Fjóla María Gunnlaugsdóttir og Gunnlaugur Ingi Haraldsson sá um troðarann og var með yfirumsjón með skíðasvæðinu.

## Sumarið 2025

Sumarið var heldur rólegt með skipulagðar æfingar. Björg Glóa Heimisdóttir var eins og vanalega dugleg að æfa og sótti Hæfileikamótun SKÍ og styrkti félagið hana eftir bestu getu.

Fjarðarhlaupið fór fram 16.ágúst og það í frábæru veðri við topp aðstæður. Reyndar gerði hitinn keppendum erfiðara fyrir en létti á móti alla vinnu og loksins fengum við frábært myndefni sem vonandi nýtist okkur í framtíðinni við markaðssetningu. Alls voru 140 keppendur skráðir til leiks og margir af sterkustu utanvegahlaupurum landsins. Boðið var upp á nýja vegalengd, 12km utanvegahlaup en þar var ræst frá Kleifum, hlaupið inn SyðriÁrdal og niður í bæ. Skemmtileg vegalengd sem vonandi vex áfram. Hlaupið tókst í alla staði frábærlega og mikil stemning við Kaffi Klöru eins og árið áður. Keppendur voru allir mjög ánægðir með hlaupið. Eins og undanfarin ár var einnig í boði götuhlaup 5 og 10km auk barnahlaups sem heppnaðist allt vel líka.

Fjarðarhjólíð fór svo fram 6.september. Þar var ákveðið að breyta til, brautin var stytta og farnir fleiri hringir sem heppnaðist mjög vel. Keppendur komu oftast í gegnum marksvæðið við Íþróttahúsið og áhorfendur sáu nánast alla brautina frá marksvæði. Alls voru skráðir til leiks um 80 keppendur í ár. Í fjallabröltinu okkar voru 32 keppendur til leiks en í skemmtilhjólinu og barnahjólinu var fjöldinn um 50 manns.

Bæði í Fjarðarhlaupinu og Hjólinu hefur tekist mjög vel að gera flotta aumgjörð og stemningu á marksvæði sem setur skemmtilegan svip á mótið. Veitingar fyrir

keppendur, tónlist og flott marksvæði er okkur til sóma. Sjálfboðaliðarnir sem vinna við mótin svo ekki sé talað um það öfluga fólk sem merkir fyrir okkur brautirnar, án þeirra væri þetta ekki hægt.

## **Haust 2025**

Óhætt er að segja að haustið hafi verið gott. Æfingar hófust í september þar sem Kristján Hauksson sá um eldri krakkana og Bríet Brá Gunnlaugsdóttir og Hanna Valdís Hólmarsdóttir þau yngri. Góð mæting var á æfingarnar sem voru bæði úti og í íþróttahúsinu.

Farið var í miklar framkvæmdir er líða fór á haustið. Reyndar var ný hurð komin í troðaraskemmuna í ágúst, en þar var hurðargat einnig breikkað. Rafmagn var svo klárað í nóvember og er mikill munur að umgangast troðaraskemmuna eftir þessa breytingu. Farið var í miklar framkvæmdir í Bárubraut. Sett niður ræsi sem komu í staðinn fyrir gamlar og skemmdar brýr í brautinni auk þess sem ræsi voru sett í skurð sem var opinn. Grafinn var út ný lykkja sem breytir öllum hringjum í Bárubraut og bætir ekki bara keppnisbrautina heldur einnig æfingaaðstöðu fyrir yngri iðkendur. Bætt var við lýsingu, brautin breikkuð og sléttuð að hluta auk þess sem flötin við marksvæði var drenuð og jöfnuð svo eitthvað sé nefnt. Ennfremur var svo stjórnstöð fyrir skíðalyftu færð úr eldhúsi skíðaskála upp í lyftuvarðarskúr, hita komið í lyftuvarðaskúr og gengið frá jarðvegi. Keyptir voru tveir kofar sem eru enn ekki komnir til okkar. Hugmyndin með þeim er að gera minningarreit um Jón Árna Konráðsson heitinn og hefur reyndar staðið til í nokkurn tíma. Eftir er að ákveða endanlega staðsetningu og útfærslu en það gerist vonandi í sumar og eykur þannig gildi Bárubrautar og svæðisins í heild sinni.

## **Veturinn 2025-20256**

Veturinn fór ekki vel af stað vegna snjóleysis. Erfitt var að halda úti æfingum bæði í skíðagöngu og alpagreinum. Þjálfarar gerðu sitt besta við að halda æfingar, fara á skíði í nágrannasveitarfélögum og halda starfinu gangandi. Brugðið var á það ráð að fara með snjótroðara félagsins upp á Lágheiði og halda þar úti æfingum fyrir skíðagöngu. Gekk það ljómandi vel, lítill snjór var á heiðinni og aðgengi nokkuð gott. Smárin vélaverktakar ehf aðstoðaði okkur við að halda veginum færum og koma tækinu upp á heiði. Æfingar gengu vel á heiðinni og veður nokkuð stöðugt.

Það var svo föstudaginn 13.febrúar að menn vöknuðu upp við snjó og það bara helling af snjó! Fjarðargangan átti að fara fram 14.febrúar upp á Lágheiði vegna snjóleysis en nú hafði heldur betur bætt í snjó. Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að sækja troðarann upp á Lágheiði og halda Fjarðargönguna í bænum eins og undanfarin ár. Gunnlaugur Ingi Haraldsson ásamt sínum

mönnum í Smáranum sóttu tækið á föstudagskvöldi og gekk það ljómandi vel enda vel útbúnir tækjum og tólum. Björgunarsveitin Tindur var einnig með í för til að aðstoða okkur með snjósleða. Fjarðargöngunni var frestað til sunnudags en þá haldin með pomp og prakt. Gengið á götum bæjarins, veðrið frábært og nægur snjór fyrir flottar brautir. Mikil stemning og þrátt fyrir stuttan fyrirvara og þessar breytingar voru um 90 manns skráðir í gönguna á öllum aldri. Mótahald gekk ljómandi vel og Fjarðargangan stóð undir nafni sem ein flottasta almenningsganga landsins.

Nægur snjór var út veturinn alveg fram að Andrésarleikum aldrei þessu vant. Marsmánuður var hinsvegar mjög erfiður sökum veðurs og mikilla snjóa sem gerði okkur erfitt fyrir að halda skíðalyftunni opinni.

SÓ hélt bikarmót í skíðagöngu 13 ára og eldri 27.febrúar til 1.mars. Búið var að fresta mótum vegna snjóleysis og við sem varastaður tókum þetta mót. Ætlunin hjá SKÍ var að halda tvö bikarmót þessa helgi auk þess sem Súlu Vertical Íslandsgangan færir fram á Akureyri. Þetta tókst bara vel í góðu samstarfi við SKA og héldum við sprettgöngu á föstudeginum við nokkuð erfiðar aðstæður en mótahald á laugardag gekk ljómandi vel. Loksins var keppt í Bárubraut, nýjar brautir prófaðar, spretthringur og nýja lykkjan okkar og voru mótsgestir ánægðir með útkomuna.

SÓ sá einnig um skíðamót Íslands í skíðagöngu 27.-30.mars sem gekk nú ekki áfallalaust fyrir sig. Veður gerði okkur erfitt fyrir auk þess sem margir gestir okkur héldu til á Dalvík og Akureyri og setti Ólafsfjarðarmúli því auka strik í reikninginn vegna snjóflóðahættu. Upphaflega átti mótahald að hefjast á fimmtudag en ekkert var keppt fyrr en á laugardag. Frábærar aðstæður og 50 keppendur mættir til leiks. Allt gekk eins og í sögu og dagurinn frábær. Ekki var sama veðrið í boði á sunnudegi, reyndar það slæmt að eftir á að hyggja var það varla boðlegt til mótahalds. Keppt var engu að síður, brunað í verðlaunahóf í MTR svo keppendur kæmust sem fyrst til sín heima fyrir Múlann. Á verðlaunahófi í MTR heiðraði SKÍ tvo Olympiufara þau Dag Benediktsson og Krístrún Guðnadóttir með Gullmerki SKÍ. Mótinu lauk svo á mánudegi þegar keppt var bæði í sprettgöngu og liðasprett en aftur við flottar aðstæður. Veðrið lék við okkur, frábær braut og allt gekk að óskum. Enn og aftur þökkum við sjálfboðaliðum fyrir alla aðstoðina, við erum ríkt félag.

Ekki var mikið um félagsmót eftir að snjórinn kom loksins og skýrist það fyrst og fremst af erfiðum aðstæðum. Engu að síður tókst þó að halda Ólafsfjarðarmót í svigi, stórsvigi og skíðagöngu með frjálsri og hefðbundinni aðferð. Flottir dagar voru í fjallinu og gerðum við vel með umgjörð á sunnudögum þegar aðstæður leyfðu.

Skíðagöngu krakkarnir voru dugleg að sækja bikarmót skí og stóðu sig að

venju vel. Flottur hópur þar á aldrinum 13-16 ára. Því miður er það þannig að aðeins tveir iðkendur eru í þessum aldursflokki í alpagreinum og sóttu þeir engin bikarmót í vetur. Vonandi verður breyting þar á næsta vetur.

Æfingaferð til Noregs.

Skíðagöngu hópurinn okkar fór í æfingaferð til Nordseter í Noregi. Fjáraflanir hófust síðastliðið sumar með dósasöfnun, sjá um leikvöll við Hlíðarveg fyrir Fjallabyggð, eggjasölu, jólahitting í skógræktinni á Sigló og fleira var gert til að safna upp í ferðina. Alls fóru 11 börn í æfingaferðina úr 5.bekk og eldri. Foreldrar fóru fjölmargir með í ferðina auk vina okkar úr SSS og taldi hópurinn alls 29 manns. Þjálfari í ferðinni var Jónína Kristjánsdóttir og fararstjórar Heimir Sverrisson og Björk Óladóttir. Dvalið var í 9 daga í Nordseter og æft við frábærar aðstæður, reyndar mjög kalt, en nægur snjór og brautir flottar. Einnig var tíminn nýttur til að skoða ÓL safnið í Lillehammer svo eitthvað sé nefnt. Ferðin heppnaðist mjög vel og vonandi verður farið aftur fljótlega í æfingaferð erlendis.

Námskeið með Hótel Sigló fóru á fullt og gengu vel. Fyrsta námskeiðið var haldið á Lágheiði og þrátt fyrir að þurfa að keyra þangað voru gestir okkar alsælir að komast á skíði og njóta í frábæru veðri. Tvö námskeið til viðbótar voru svo haldin í Bárubraut og alls um 140 gestir sem komu til okkar.

Andrésar Andarleikarnir fóru fram í lok apríl samkvæmt venju. Voru þetta 50. leikarnir og átti SÓ 36 keppendur í ár, þar af 22 sem eru 8 ára eða yngri. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og auk þess að fá 4 Andrésartitla, 8 silfur og 6 brons er óhætt að segja að gleðin hafi fyrst og fremst verið í fyrirrúmi hjá okkar krökkum. Gist var í Hálöndum í góðu yfirlæti þar sem SÓ hópurinn átti frábæra helgi saman og skemmti sér vel.

Sýning í Pálshúsi

SÓ tekur þátt í glæsilegri sýningu í Pálshúsi í ár. Síðastliðið haust hófst vinna við að afla ganga og eftir áramót fór svo uppsetning á sýningunni á fullt. Safnað var saman verðlaunagripum frá keppendum SÓ og skíðadeildar Leifturs sem þróa nú safnið. Einnig var safnað saman upplýsingum um Íslandsmeistara og virkilega flott sýning sem vert er að skoða. Björn Þór Ólafsson, Karl Haraldur Gunnlaugsson og Haukur Sigurðsson unnu fyrir félagið með stjórn Pálshúss við söfnun gagna og uppsetningu á sýningunni. Sýningin verður opin í allt sumar.

Lokahóf SÓ var haldið á Höllinni 12.maí síðastliðinn. Verðlaunað var fyrir félagsmót vetrarins, þjálfurum færðar gjafir fyrir vel unnin störf og kvöldinu lauk með pizzuveislu að hætti hússins.

Á lokahófinu var Matthías Krisinsson Skíðamaður ársins og alpagreina maður ársins.  
Gréta Mjöll Magnúsdóttir skíðagöngukona ársins 13-16 ára  
Olivier Saniewski alpagreinamaður ársins 12-15 ára.  
Óli Björn Þorvaldsson ástundun og framfarir  
Óðinn Snær Hólmarsson, ástundun og framfarir.

## Lokaorð

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður á köflum í vetur sýndi félagið enn og aftur styrk sinn með samstöðu og dugnað. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á aðstöðu félagsins undanfarin misseri og ljóst að sú vinna mun halda áfram af krafti á komandi starfsári. Fyrirhugað er að halda áfram jarðvegsvinnu og þróun í Bárubraut, ráðast í aukið viðhald og endurbætur á skíðalyftunni, fara í februnaráttak á skíðaskálanum og bæta enn frekar aðstöðu á svæðinu. Þá eru einnig uppi áform um að setja upp hús við Bárubraut sem mun nýtast sem útsýnis- og áningarstaður fyrir gesti og iðkendur og styrkja þannig umgjörð svæðisins til framtíðar.

Framtíð félagsins er björt og ljóst að áfram verður unnið af metnaði að því að byggja upp öflugt starf fyrir iðkendur á öllum aldri, efla aðstöðu félagsins og halda áfram að gera Ólafsfjörð að einum sterkasta skíðabæ landsins.

Að lokum vill stjórn Skíðafélags Ólafsfjarðar færa öllum þeim sem komu að starfi félagsins á starfsárinu kærar þakkir. Sjálfboðaliðar, þjálfarar, foreldrar, styrktaraðilar, iðkendur og allir þeir sem leggja félaginu lið eiga stóran þátt í því öflugna starfi sem hér hefur verið rakið. Án þessa fólks væri ekki hægt að halda úti jafn metnaðarfullu starfi og raun ber vitni.